

áfrýjandi engar ástæður fært, er til álita geti komið, og ber því að sýkna undirdómarann og skylda áfrýjanda til að greiða honum málskostnað, er ákveðst 20 krónur.

D v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmaður greiði stefndu, Birni Kristjánsyni og Birni Sigurðssyni bankastjórur fyrir hönd Landsbankans 40 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Undirdómarinn, Jón Magnússon, bæjarfógeti, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, og ber áfrýjanda, að greiða honum 20 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 2/1913.

Réttvísín

gegn

Vilhjálmí Chr. Hákonarsyni.

D ó m u r :

Mál þetta var af réttvísinnar hálfu höfðað gegn hinum ákærða kaupmanni í Keflavík Vilhjálmi Chr. (Kristni) Hákonarsyni fyrir sviksamlegt athæfi í sambandi við elds-

voðaabyrgð, og var það dæmt í aukarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 19. okt. 1912 með þeim úrslitum, að ákærði var sýknaður af ákæru réttvísinnar í málinu, en þó þannig, að hann skyldi greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsvarnarlaun 10 kr. til skipaðs talsmanns síns, yfirréttarmálaflutningsmanns Magnúsar Sigurðssonar. En dómi þessum hefir verið skotið til yfir-dómsins af hálfu réttvísinnar.

Hinn 14. apríl f. á. brann í Keflavík niður til grunna íbúðarhús Stefáns ljósmyndara Bergmanns, en ákærði hafði í húsi þessu 2 herbergi niðri til afnota, og rak í þeim verzlun; hafði hann sölubúð í öðru herberginu, en vöru-geymslu í hinu. Sjálfur hafði hann íbúð í öðru húsi. Við réttarpróf, er haldið var í Keflavík 18. apríl f. á. út af bruna þessum, skýrði ákærði frá því, að talsverðu af vörum hans, er eingöngu voru geymdar í greindum 2 herbergjum og váttrygðar í brunabótafélaginu »Norge« fyrir 5000 kr., hafi verið bjargað, en að »allmiklu« af vörum hans hafi eigi orðið bjargað sökum þess, að hætta hefði orðið við björgunina vegna mannhættu af brunanum.

Nokkru síðar, snemma í maí s. á., alhenti ákærði umboðsmanni téðs brunabótafélags, Þorleifi póstaftgreiðslumanni Jónssyni í Reykjavík, skýrslu um brunatjón það, er hann tjáði sig hafa beðið við nefndan bruna, og samdi ákærði skýrslu þessa í Reykjavík í návist umboðsmanns, sem veitti honum þar, eftir beiðni hans, leiðbeiningu um, hvernig skýrslan skyldi samín, og hjálpaði honum til að útfylla eyðublað undir hana, er hann hafði sent ákærða eftir brunann, en ákærði ekki treyst sér til að útfylla hjálparlaust. Hafði ákærði haft með sér til Reykjavíkur

gögn þau, er umboðsmaður hafði tjáð honum að þyrfti með til að útfylla skýrsluna eftir. en það voru vöru-upptalningaskrá yfir vörur þær, er ákærði taldi sig hafa haft fyrirbyggjandi 2. jan. 1912, kassabókareftirrit, er sýndi, hvað selt hafði verið af vörum frá 2. jan. 1912 til brunadags, og virðingagerð á vörum, er bjargað var úr brunanum, og loks hafði ákærði með sér til fyllingar vöru-upptalningarskrárinnar vöruskrá yfir vörur, meðteknar eftir 2. jan. 1912 til brunadags. Var eyðublaðið undir brunatjónsskýrsluna útfyllt samkvæmt þessum skjölum og kom þá út, að brunnið hefðu vörur fyrir kr. 4227,50 auk skaða á björguðum vörum, sem metinn var kr. 718,81, eða að brunatjónið hefði alls orðið kr. 4946,31. Var skýrslan síðan undirskrifuð af ákærða og vottað af honum upp á æru og trú, að skýrslan og matið á mununum fyrir og eftir brunann væri gert eftir beztu sannfæringu. Tók umboðsmaður síðan við skýrslunni og sendi hana áleiðis til brunabótafélagsins.

En áður en frekara gerðist í þessu máli, fekk umboðsmaðurinn fregn um það, að öllum vörum ákærða hefði verið bjargað við nefndan bruna og skrifaði hann þá sýslumanni bréf, dags. 17. júní f. á., þar sem hann skýrir frá þessu og skorar á sýslumann að halda ný réttarpróf til rannsókna í málinu og yfirheyra þá einnig þá menn, er björguðu vörunum og voru viðstaddir björgunina, og fer hann þess á leit í bréfinu, að ákærði verði látinn sæta þeirri ábyrgð er lög ákveða, ef sú verði raun á, að öllum vörum hans hafi verið bjargað.

Við umsókn þá, er hafin var út af þessari kæru, sannaðist það fullkomlega með vitnaframburði manna þeirra, er við björgunina höfðu fengist með ákærða, að

Það var ekki rétt, er ákærði bar fram í brunaprófinu 18. apríl f. á., að hætta hefði orðið við björgun í miðjum klíðum, en að þvert á móti björgunarmenn gátu athafnað sig svo fyrir eldinum og reyknunum, að þeir hættu ekki fyrir björguninni en þeim virtist ekkert vera eftir lauslegt í herbergjunum, er bjarga þyrfti, og var þá búið að taka út búðarborð, hillur, kassa og þess háttar. Við þenna framburð hafði ákærði, sem var sjálfur viðstaddur björgunina og virðist hafa tekið þátt í henni frá upphafi til enda, ekkert að athuga, en hann kvaðst að eins sakna eftir brunann ýmislegs smávegis, nokkurra vasaura, samtals 30—40 króna virði, og annara smámuna, er minna næmu, eins og hann einnig taldi sig vita með vissu, að nokkuð af tómunum flöskum hefði orðið eftir í vörugeymsluherberginu; en í síðara prófi telur hann sig hafa gert nákvæmlega upp, hvers hann sakni eftir brunann, og telur það alls 210 króna virði, án þess að greina nánar frá, hvaða munir það hafi verið.

Það er þannig sannað og einnig viðurkent af ákærða sjálfum, að fyrteð brunaskýrsla hans við umgetinn bruna í Keflavík, hefir verið algjörlega röng, þar sem hann í skýrslu þessari, sem hann gaf til brunabótafélagsins upp á æru sína og trú, hefir gert tjón sitt rúmum 4000 kr. hærra en það var.

En ákærði hefir stöðugt neitað því, að hafa gefið þessa skýrslu í sviksamlegum tilgangi, eða að hann hafi ætlað að blekkja brunabótafélagið með henni, til þess að hafa af því meiri brunabætur en hann átti tilkall til. Hefir ákærði í þessu tilliti haldið því fram, að skýrslan hafi ekki verið nein krafa af hans hendi til brunabótafélagsins um bæturnar fyrir brunatjónið, heldur aðeins skýrsla

um ástand verzlunar hans fyrir brunann, sem það hafi krafist að fá á eyðublaði því, sem honum hafi verið fengið, og hafi ekkert sviksamlegt getað legið í því, þótt skýrslan væri ekki nákvæm eða rétt, þar sem brunabæturnar hafi ekki átt að reikna eftir henni. Hann hefði aftur á móti litið svo á, að brunatjónið mundi verða bætt, án tillits til skýrslunnar, þannig, að hann fengi þá upphæð útborgaða, er tiltekin væri í ábyrgðarskírteininu, 5000 kr., að fráregnu matsverði þess, er bjargaðist. En þó að ákærði kunni að hafa ímyndað sér eitthvað í þessa átt, fyrst eftir brunann, — og 2 menn, sem hann átti þá tal við, virðast hafa samsint honum í því, — þá virðist það óhugsanlegt, að ákærði hafi ekki séð og skilið hið rétta um útborgun brunatjónsins, er hann síðar fann umboðsmann brunabótafélagsins, og hann leiðbeindi honum og hjálpaði honum með samningu brunabótaskýrslunnar á eyðublaðinu, er til þess var ætlað, því að öll sú leiðbeining hefir ekki, eins og skýrslan er á sig komin, getað verið í öðru fólgin en einmitt í því, að sýna ákærða, eftir hverjum reglum brunatjónið skyldi reiknað og hvernig það yrði bætt eða hve miklum bótum ákærði ætti heimting á fyrir það. Enda hefir umboðsmaður brunabótafélagsins borið það, að hann hafi einmitt leiðbeint ákærða um þetta við samningu skýrslunnar. Hitt, að ákærði hafi getað haldið, að hann væri með skýrslunni að semja yfirlit yfir hag verzlunar sinnar, getur ekki náð neinni átt, þar sem allir liðir skýrslunnar stefndu að því, að sýna og telja saman brunatjónið.

Það er því auðsætt, að ákærða getur ekki hafa dult það, er hann samdi og afhenti umboðsmanni brunatjónsskýrsluna, hvaða þýðingu hún hefði, að hún var

skýrsla um og rökstuðning á kröfu hans um brunabætur þær, er hann taldi sér bera frá félaginu.

Þá er það ekki síður víst, að ákærði hefir hlotið að vita það, er hann lét brunaskýrsluna frá sér fara, að hún var röng að efni til. Ákærði fekk umboðsmanni og notaði sem grundvöll skýrslunnar vöruupptalningaskrá, sem hann vissi að var sumpart gerð út í bláinn og sumpart beinlínis ósönn, að því leyti sem hann játar, að hann hafi tekið upp í hana vörur, er þar áttu ekki heima. Fyrir þetta urðu fyrirliggjandi vörubirgðir ákærða fyrir brunann mörgum þúsundum meiri en vera áttu, og hafði umboðsmaður brunabótafélagsins enga ástæðu til þess að gruna, að skráin væri þannig tilbúin. Niðurstaða skýrslunnar varð þá einnig sú, sem áður er sagt, að brunnið hefðu vörur fyrir rúmar 4000 krónur, en sú niðurstaða hlaut ákærði að sjá að gat ekki staðist, þar sem hann vissi að nær ekkert hafði brunnið. Og að hann undirskrifaði samt sem áður skýrsluna og afhenti hana, verður ekki skilið öðruvisi, en að hann hafi ætlað sér að blekkja brunabótafélagið með því að gera meira úr tjóninu en það var, eins og hann þegar í fyrsta brunaprófinu 18. apríl f. á. hafði byrjað á að gera.

Samkvæmt framanrituðu hefir ákærði orðið sekur um afbrot það, er hann er kærður fyrir, og heyrir brot hans, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður sætt ákæru eða verið refsað fyrir neitt lagabrot, undir 261. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 2×5 daga fangelsi við vatn og braud. Ákærða ber að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar með talin málfærslulaun skipaðs talsmanns hans fyrir aukaréttinum 10 kr. og mál-

færslulaun skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 15 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vitalaus og málfærslan fyrir yfirdóminum lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Hinn ákærði Vilhjálmur Chr. Hákonarson á að sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar með málfærslulaun skipaðs talsmanns hans í héraði og fyrir yfirdóminum yfirréttarmálaflutningsmanns Magnúsar Sigurðssonar samtals 25 kr., og málfærslulaun skipaðs sækjanda fyrir yfirdóminum Odds yfirréttarmálaflutningsmanns Gíslasonar 15 krónur.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 5. dag maímán.

nr. 49/1912.

Kr. Linnet

gegn

Friðriki Svípmundarsyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði yfirréttarmálaflutningsmaður Kr. Linnet fyrir gestarétti Vestmannaeyjasýslu gegn hinum stefnda Friðriki Svípmundarsyni á Löndum í Vestmanna-